

Nd.

192. Frumvarp til laga

[155. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

2. gr.

Nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skulu njóta námsaðstoðar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt og stundi sérnám.

Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er Lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis, verði hliðstætt nám ekki stundað á Íslandi.

3. gr.

Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð.

Þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að lífeyrissjóði samkvæmt sérstakri reglugerð. Lánasjóður skal standa hlutaðeigandi lífeyrissjóði skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig:

Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn skv. tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar námsmanna sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.
Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.
Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðs-
stjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði
laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán.
 2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt II. kafla laga þessara.
 3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
 4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.
- Útborgun lána, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn
sjóðsins heimilt að fela bankastofnun. Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds,
sbr. lög nr. 52/1966.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI

Um námslán og námsstyrki.

6. gr.

Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda
skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er heimilt að veita náms-
mönnum vixillán, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er
við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem
nám er stundað. Þó skal námsaðstoð ekki veitt nema framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn þeir sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja
fram yfirlýsingu eins manns um það að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu
lánsins ásamt verðtryggingu þess, sbr. þó 3. mgr. 7. gr. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða
skilyrðum ábyrgðarmenn skulu fullnægja.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu
Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi
næsta mánaðar eftir að lán er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess
mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölu eða útreikningi hennar skal þriggja manna
nefnd ákveða hvornig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitöl-
um. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Ísland tilnefni einn mann, Hæstiréttur annan
en hagsstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðsstjórnin skal skilgreina
nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi. Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt
upphæð heildarskuldar og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar. Ábyrgð ábyrgðar-
manns skv. 3. mgr. 6. gr. fellur niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið greidd. Eftir
það er lánþegi einn ábyrgur fyrir greiðslu heildarskuldar.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum geng venjulegum víxilvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr., til að greiða tímabundinn námskostnað, enda fullnægi námsmenn almennum skilyrðum til námsaðstoðar. Víxlarnir skulu annaðhvort endurgreiðast í reiðufé eða með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst árgreiðsla er kr. 1 200 miðað við lánskjaravísitölu 135 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundraðshluta af útsvarsstofni dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

Endurgreiðslum skal ljúka ekki síðar en 30 árum eftir að þær hefjast og eru eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr. um vanskil og vanttalningu tekna. Endurgreiðslur skulu standa yfir í 5 ár hið skemmsta, þó þannig að það skerði ekki fasta greiðslu skv. 2. mgr.

Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 2. og 3. mgr. ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára, t. d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu skv. 2. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi er sækir um undanþágu skv. 5. mgr. leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu getur verið annaðhvort að hluta eða öllu leyti, eftir atvikum.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

9. gr.

Hverri árlegri endurgreiðslu skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli, annars vegar við lánskjaravísitölu við lántöku sbr. 1. mgr. 7. gr. og hins vegar hækkun vísitölu fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla er innt af hendi.

Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður.

Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama máli gegnir um eftirstöðvar námslána sem felld eru í gjalddaga skv. 11. gr.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem er við gildistöku laga þessara skal viðbótargreiðsla skv. 3. mgr. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan, en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri árlegar endurgreiðslur hvers lánþega sem líkastar því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþegni áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós innan þeirra tíma-

marka er getur í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 40/1978 að útsvarstofn hafi verið of hátt áætlaður eða of talinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum spari-sjóðsinnistæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og haga árlegum endurgreiðslum í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki er unnt að sannreyna útsvarstofn samkvæmt því skal stjórn Lánasjóðs áætla honum ríflegan útsvarstofn til útreiknings árlegrar viðbótar-greiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að viðbótagreiðslur skv. 3. mgr. 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar vegna þess að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu. Sú hækkun sem verður á viðbótagreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótagreiðslu sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun.

12. gr.

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðis-kostnaðar á dvalarstað.

Fé því sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám sem ekki verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er háttað um.

14. gr.

Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórnin telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar. Innlendum námsstofnununum sem lög þessi taka til er skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og áðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðast af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðargreiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af innritunargjaldi. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóðurinn innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar og skal árlega gefa út úthlutunarreglur sjóðsins, samþykktar af ráðherra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki.

Ákvæði til bráðabirgða.

1.

Ákvæði 3. gr. þessara laga tekur gildi í áföngum þannig að hlutfallstala lána af reiknaðri fjárförf námsmanna hækkar úr 90 í 95% 1. janúar 1983 og úr 95 í 100% 1. janúar 1984.

2.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um aðild námsmanna að lífeyrissjóði tekur gildi 1. janúar 1985 og skal stjórn Lánasjóðsins hafa sett fram áður tillögur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.

Hundraðshlutinn í 3. mgr. 8. gr. skal vera 3,5% fyrir þá sem fá meira en helming af raunvirði námslána sinna áður en 3. gr. laga þessara er að fullu gengin í gildi, sbr. bráðabirgðaákvæði 1.

4.

Ef lánþegi Lánasjóðs samkvæmt þessum lögum er jafnframt að inna af hendi greiðslur samkvæmt eldri lögum, dragast síðarnefndu greiðslurnar frá þeirri upphæð sem lánþega bæri annars að greiða samkvæmt þessum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem felur í sér endurskoðun á gildandi lögum um námslán og námsstyrki, nr. 57/1976, er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði vorið 1980 og skilaði álit í október sama ár. Frv. er lagt fram sem stjórnarfrumvarp, efnislega að mestu óbreytt frá tillögum nefndarinnar, en með fyrirvara um einstök atriði, einkum að því er varðar ákvæði í 3. gr. um lífeyrissjóðsaðild námsmanna.

Einu efnisbreytingar frá þeirri gerð frumvarpsins sem nefndin skilaði er að finna í ákvæði til bráðabirgða (tölul. 1. og 2.). Þar er tímamörkum hnikað þannig að svigrúm til undirbúnings að framkvæmd nýrra reglna verði svipað og gert var ráð fyrir þegar tillögurnar voru lagðar fram.

Hér fer á eftir greinargerð sú er fylgdi tillögum nefndarinnar. Settar eru innan hornklofa örfáar breytingar sem gerðar eru m. a. til samræmis við ofangreindar breytingar á frv. Þá eru og **fjárhæðir tilgreindar í nýkrónum** en miðuðust eðlilega við gamlar krónur í álitsgerð nefndarinnar. Fylgiskjöl þau sem hér eru prentuð fylgdu einnig tillögum nefndarinnar. Breyting í nýkrónum hefur verið gerð í fskj. I en **ekki** í fskj. III og IV.

„Hinn 24. apríl [1980] skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög og reglur um námslán og námsstyrki.

Í nefnd þessari áttu sæti: Eiríkur Tómasson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins, formaður; Pétur Reimarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, varaformaður; Einar Birgir Steinþórsson, tilnefndur af Bandalagi íslenskra sérskólanna; Friðrik Sophusson, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins; Guðrún Helgadóttir, tilnefnd af þingflokki Alþýðubandalagsins; Jón Ormur Halldórsson, tilnefndur af forsætisráðherra; Vilmundur Gylfason, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins; Þorgeir Pálsson, tilnefndur af Stúdentaráði Háskóla Íslands. Að auki áttu sæti í nefndinni, án atkvæðisréttar, Tómas Óli Jónsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Þorsteinn Vilhjálmsson, fulltrúi stjórnar Lánasjóðs námsmanna og Auðunn Svavar Sigurðsson, fulltrúi Vöku, Félags lýðræðissinnaðra stúdenta við Háskóla Íslands. Sigurjón Valdimarsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs námsmanna starfaði einnig með nefndinni.

Nefndin hefur samið frumvarp til nýrra laga um námslán og námsstyrki er leysi af hólmi núgildandi lög nr. 57/1976. Í upphafi var það ætluð nefndarinnar að leggja fram frumvarp til breytinga á núgildandi lögum en síðar tók hún þann kost að semja heildstætt lagafrumvarp. Þótt sá kostur hafi orðið fyrir valinu er rétt að taka fram að aðaláherslan hefur verið lögð á það að endurskoða viss atriði laganna frá 1976 meðan önnur eru látin standa svo til óbreytt. Sést þetta glögggt á athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Vorið 1979 var lagt fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp til breytinga á lögnum frá 1976, en frumvarpið varð ekki útrætt. Meginatriði þessa frumvarps voru tvö, þ. e. að aðstoð sjóðsins skyldi nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegri reiknaðri fjárþörf og endurgreiðslum námslána yrði breytt allverulega, m. a. í því skyni að heildarendurgreiðslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna myndu örvast að mun. Meginatriði þess frumvarps sem nú er lagt fram eru þau sömu en frumvarpið er þó að nokkru leyti frábrugðið frumvarpinu frá 1979.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að námslán, sem hafa til skamms tíma numið 85% af reiknaðri fjárþörf námsmanna, hækki í 100% í þremur jöfnum áföngum, þannig að 100% markinu verði náð [1. janúar 1984¹⁾]. Fyrsta skrefið í þessa átt hefur þegar verið stigið með bréfi menntamálaráðherra til Lánasjóðsins, sem dagsett er 29/9 1980, þar sem veitt er heimild til þess að miða lánshlutfall við 90% af fjárþörf við úthlutun úr sjóðnum á haust-

1) Í tillögum nefndarinnar: „haustið 1982“.

misseri 1980. Talið er að aukning á fjárþörf Lánasjóðs vegna hækkunar úr 90 í 95% og síðar úr 95 í 100% nemi um 9 milljónum nýkr. á verðlagi 1. júlí 1980.

Með lögunum frá 1976 voru námslán að fullu verðtryggð og þar með gengið út frá því að endurgreiðslur lánanna myndu skila sér allvel þrátt fyrir mikla verðbólgu. Samkvæmt útreikningum sem nefndin hefur látið gera er búist við því að endurgreiðslur verði 66% af raungildi lána miðað við að lánað sé 85% af fjárþörf námsmanna. Þá er ljóst að endurgreiðslur vaxa fyrst í stað tiltölulega hægt.

Á þessu tvennu er gerð grundvallarbreyting með því frumvarpi sem nú er lagt fram. Lagt er til að árleg endurgreiðsla af námsláni miðist við tiltekið hlutfall af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Árleg endurgreiðsla nemi þó aldrei lægri fjárhæð en 1 200 nýkr. miðað við verðlag 1. janúar 1980 en heimilt er að veita undanþágu frá þeirri lágmarksendurgreiðslu ef sérstaklega stendur á. Þá er gert ráð fyrir því að hámarksendurgreiðslutími verði þrjátíu ár í stað tuttugu ára, svo og að endurgreiðslur skuli að jafnaði standa yfir í fimm ár hið skemmsta.

Hugmyndir þær um endurgreiðslur námslána, sem fram hafa komið hin síðari ár, hafa verið reistar á tvenns konar sjónarmiðum. Annars vegar á því sjónarmiði að námslán, eins og öll önnur lán, skuli greiðast með jöfnum afborgunum er taki svo til einvörðungu mið af lánsupphæðinni. Jafnframt voru sumir nefndarmanna þeirrar skoðunar að of skammt væri gengið í átt til fullrar endurgreiðslu lánanna og stefna hefði átt að 100% endurgreiðslum en ekki 88% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar hefur verið haldið fram því grundvallarsjónarmiði að námsaðstoð sé félagslegs eðlis og skuli greiðast til baka að því skapi sem námið nýtist lánþega til aukinna tekna að námi loknu. Þegar um er að ræða nám sem ekki nýtist til slíkrar tekjuöflunar sé eðlilegt að opinber aðstoð verði í reynd að hluta til styrkur, eins og víða tíðkast.

Í nefndinni kom fram tillaga þess efnis að taka ætti tillit til heildarupphæðar láns við námslok þegar endurgreiðsluhlutfall af útsvarsstofni lánþega væri ákveðið. Tillagan gerði ráð fyrir stighækkandi hlutfalli eftir því sem heildarskuld við námslok væri hærri og þannig var að nokkru leyti komið til móts við þau sjónarmið að taka ætti tillit til lánsfjárhæðar við árlegar endurgreiðslur. Í þessari tillögu var gert ráð fyrir því að lánþegar sem skulduðu innan við 40 þús. nýkr. við námslok ættu að greiða 3% af útsvarsstofni fyrra árs. Þeir, sem hefðu tekið 40—80 þús. nýkr. að láni, ættu að greiða 3½% og þeir, sem hærri lán hefðu tekið, skyldu greiða 4% og er þá miðað við upphæðir skv. lánskjaravísitölu 1. júlí 1980. Hlutfalls-tölurnar umreiknast skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til jafnlengdar á endurgreiðsluári. Með þessum hætti hefðu a. m. k. 85% lánþega greitt árlega lægra hlutfall en frumvarpið gerir ráð fyrir en lánþegarnir með hæstu lánin, þ. e. innan við 15% hefðu greitt 0,25 prósentustigi meira af tekjum sínum á endurgreiðslutímanum.

Einnig kom fram sú tillaga að árlegar endurgreiðslur skuli taka meira mið af greiðslugetu einstakra lánþega. Tillagan gerði ráð fyrir að hlutfall af útsvarsstofni færi stighækkandi með auknum tekjum. Gert var ráð fyrir að þeir sem höfðu lægri útsvarsstofn en 55 þús. nýkr. árið 1979 skyldu greiða 3,25% af útsvarsstofni. Þeir sem hins vegar höfðu hærri útsvarsstofn en 55 þús. nýkr. skyldu greiða 6,5% af því sem er umfram það mark. Hlutfallstölurnar umreiknast skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til jafnlengdar á endurgreiðsluári. Tekjumarkið 55 þús. nýkr. miðast við lánskjaravísitölu 1. júlí 1979 og umreiknast skv. breytingum á lánskjaravísitölu til jafnlengdar á tekjuöflunarárinu. Með þessu móti hefðu allir sem á árinu 1979 voru með útsvarsstofn lægri en 65 þús. nýkr. greitt lægri upphæð en ráð er fyrir gert í frumvarpinu og er þar um að ræða um 70% lánþega. Tillaga þessi hefur og þann kost fyrir ríkissjóð að endurgreiðslur koma örar inn en ef aðrar tillögur yrðu fyrir valinu.

Tillögur þessar áttu hvor um sig stuðning helmings nefndarmanna en flutningsmenn

töldu ekki rétt að kljúfa nefndina vegna ágreinings um tillögurnar enda á frumvarpið eftir að fá ítarlega meðferð á Alþingi.

Segja má að endurgreiðslurnar í þessu frumvarpi séu eins konar málamiðlun á milli fyrrnefndra sjónarmiða. Skv. útreikningum, sem telja verður fremur nákvæma, er því spáð að endurgreiðsluhlutfall vaxi úr 66% (miðað við 85% lán) í 88% (miðað við 100% lán) ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Ekki er síður mikilvægt að endurgreiðslurnar munu vaxa allhratt þannig að innan tíu ára nemi endurgreiðslur lána um helmingi af fjárþörf Lánasjóðsins eins og hún yrði að óbreyttum lánareglum og óbreyttum fjölda lánþega.

Auk þeirra tveggja meginatriða frumvarpsins, sem lýst hefur verið hér að framan, gerir frumvarpið ráð fyrir nokkrum breytingum á efni gildandi laga. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Breytt verði orðalagi laganna um svokallaða „tuttugu ára reglu“, þannig að niður falli það skilyrði að námsmaður „geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar“.
2. Námslán verði framvegis veitt gegn ábyrgðaryfirlýsingu eins ábyrgðarmanns í stað tveggja. Lánþegi beri síðan ábyrgð á greiðslu lána þegar endurgreiðslur hefjast.
3. Verðtrygging lánanna miðist framvegis við lánsklaravísitölu í stað vísitölu framfærslukostnaðar.
4. Endurgreiðslur lánanna verði lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða.
5. Námsmönnum verði tryggt aðild að lífeyrissjóði og komi það atriði til framkvæmda [í ársbyrjun 1985¹⁾].

Að auki er að finna í frumvarpinu ýmsar minni háttar breytingar á efni og orðalagi laganna sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar.

Augljóst er að sumar breytinganna, sem fólgnar eru í frumvarpinu, svo sem 100% brúun á reiknaðri fjárþörf og aðild námsmanna að lífeyrissjóði, mun auka fjárþörf Lánasjóðsins. Sú aukning dreifist hins vegar á næstu 6—8 ár þar sem skuldbindingar Lánasjóðsins vegna lífeyrissjóðsaðildarinnar fer fyrst að gæta, svo að einhverju nemi, 3—5 árum eftir að þetta nýmæli kemur til framkvæmda. Á sama tíma ættu endurgreiðslur námslána að aukast svo að þær gerðu gott betur en vega upp á móti aukinni fjárþörf Lánasjóðsins þannig að framlög til sjóðsins ættu að lækka að raunvirði.

Í nefnd þeirri, sem samdi frumvarp þetta, áttu sér einnig stað umræður um skattamál og hugsanlegan frádrátt frá skatti vegna verðbótapáttar námslána og eins vegna ónýtts persónufrádráttar lánþega meðan á námi stendur. Nefndin er þeirrar skoðunar að síðari kosturinn sé eðlilegur og mælist til þess að Alþingi breyti ákvæðum skattalaga með tilliti til þess.

Þeir, sem störfuðu í nefndinni, hafa víða teygt skoðanir sínar til samkomulags. Allir nefndarmenn eru þó eindregið fylgjandi því að frumvarpið verði lagt fram af menntamálaráðherra til þess að flýta fyrir því að lánamál námsmanna komist á eðlilegri grundvöll en verið hefur. Þessi afstaða bindur hins vegar ekki þá aðila sem tilnefndu einstaka nefndarmenn og jafnframt er gerður fyrirvari af hálfu nefndarmanna um afstöðu til breytinga er kunna að verða gerðar á frumvarpinu í meðförum Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í athugasemdum þessum er vísað til gildandi laga nr. 57/1976 en einstakar greinar laganna svara til sömu greina í frumvarpi þessu.

1) Í tillögum nefndarinnar: „haustið 1983“.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. grein nügildandi laga en orðalag fært til betri vegar, m. a. vegna þess að fleiri hafa öðlast aðild að Lánasjóði námsmanna en háskólanemar.

Um 2. gr.

Felld eru niður orðin „og geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar“ í 2. mgr. Það hefur verið erfiðleikum bundið að skýra þetta ákvæði og er því lagt til að svonefnd „20 ára regla“ miðist einvörðungu við það að hlutaðeigandi stundi sérnám. Breyting þessi skiptir í reynd sáralitlu máli.

Að öðru leyti er ekki um að ræð efnislegar breytingar á 2. grein gildandi laga.

Um 3. gr.

Í stað orðanna „stefnt skal að því að“ í 1. mgr. gildandi laga kemur einfaldlega „skal“. Stefnumótunarákvæði gildandi laga var upphaflega leitt í lög árið 1967 og er nú kominn tími til þess að kveðið sé skýrt á um það í lögum að fjárþörf námsmanna skuli að fullu mætt með námslánunum. Ráðgert er að því marki verið náð í áföngum, sbr. 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða.

2. mgr. er nýmáli en hér er námsmönnum tryggð aðild að lífeyrissjóði vegna þess hluta af árlegu ráðstöfunarfé þeirra sem þeir fá greiddan sem námslán. Námsmenn og húsmæður munu nú vera einu þjóðfélagshóparnir sem njóta ekki slíkra réttinda. Með lögfestu þessa ákvæðis myndu námsmenn sitja við sama borð og aðrir jafnaldrar þeirra að þessu leyti. Aðstöðumunur sem ríkt hefur í húsnæðismálum myndi jafnast.

Námsmenn myndu greiða í viðeigandi lífeyrissjóð af vinnutekjum sínum svo sem skylt er skv. gildandi lögum. Þeir myndu þannig e. t. v. ávinna sér réttindi í tveimur eða fleiri sjóðum, eins og margir aðrir gera nú. Sömu reglur myndu gilda um sameiningu slíkra réttinda og hjá öðrum sem eins er ástatt um.

Skv. 2. tl. í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðsaðildin taki gildi frá og með [ársbyrjun 1985¹⁾] en þá yrðu gengnar yfir þær hækkanir á fjárþörf Lánasjóðs sem leiðir af breytingunni á 1. mgr. 3. gr. og af 1. tl. í ákvæðum til bráðabirgða.

Eðlilegt þykir að námsmenn hljóti þessi réttindi með svipuðum hætti og aðrir hafa fengið þau, þ. e. með því að þeir leggi sjálfir fram sinn iðgjaldshluta þannig að hann dragist frá láni eins og það myndi annars reiknast skv. úthlutunarreglum á hverjum tíma. Einnig þykir rétt að viðbótargreiðsla Lánasjóðs til lífeyrissjóðsins sé í formi láns til námsmannsins þannig að hún sé að því leyti hliðstæð annarri aðstoð til hans.

Ekki er tekin endanleg ákvörðun um hvernig lífeyrissjóðsmálum námsmanna skuli hagað í smærri atriðum. Í því efni hafa tveir kostir einkum komið til álita. Annar er sá að stofnuð verði sérstök lífeyrisdeild Lánasjóðsins er fari með þessi mál. Hinn kosturinn er sá að stofna til samvinnu við einhvern lífeyrissjóð, sem er þegar starfandi, t. d. við [Söfnunar-sjóð lífeyrisréttinda]. Þar sem þrjú ár eru til stefnu virðist ástæðulaust að taka ákvörðun um þetta atriði nú heldur sýnist hyggilegra að sjá hvað setur í lífeyrissjóðsmálum landsmanna á næstu árum.

Ekki er gert ráð fyrir því að hver einstakur námsmaður verði skyldaður til aðildar að lífeyrissjóði er hann tekur lán úr Lánasjóði námsmanna. Höfð er í huga sú framkvæmd að iðgjald í lífeyrissjóð verði að öðru jöfnu tekið af námsláni nema námsmaður tilkynni sjóðnum að hann óski þess ekki. Fær hann þá greiddan iðgjaldshluta sinn sem lán en iðgjaldshluti Lánasjóðsins fellur niður.

1) Í tillögum nefndarinnar: „haustinu 1983“.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum segir að einn stjórnarmanna Lánasjóðs skuli skipaður „skv. tilnefningu annarra námsmanna hérlendis sem undir lögina falla“ en stúdentar við Háskóla Íslands. Námsmenn þessir hafa nú myndað með sér formleg hagsmunasamtök, Bandalag íslenskra seiskólanema, og er eðlilegt að þau samtök annist tilnefningu á sama hátt og Stúdentaráð Háskóla Íslands og Samband íslenskra námsmanna erlendis.

Um 5. gr.

Felld eru niður orðin „af því fé sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma“ í 1. tl. í samræmi við breytinguna á 3. gr.

Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 6. gr.

Meginbreytingin hér er sú að ábyrgðarmönnum er fækkað úr tveimur í einn, sbr. 3. mgr. Aðrar breytingar eru smávægilegar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að verðtrygging námslána miðist framvegis við breytingar á lánskjaravísitölu í stað vísitölu framfærslukostnaðar. Almenn lán, sem verðtryggð eru, fylgja flest lánskjaravísitölu, sem Seðlabanki Íslands reiknar út mánaðarlega í samræmi við lög nr. 13/1979. Er bæði eðlilegt og hagkvæmt að hið sama gildi um námslán, ekki síst þegar gjalddögum lánanna verður fjölgað eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Vegna mánaðarlegra útborgana á lánum er gert ráð fyrir að eitt skuldabréf sé greitt út í fleiri en einni greiðslu. Verðtrygging reiknast þá út frá einstökum útborgunum lánsins.

Þar sem gert er ráð fyrir að ábyrgð ábyrgðarmanna falli niður að námi loknu er talið rétt að fella niður endurnýjun ári eftir námslok til einföldunar á starfi sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að námsmanni verði gerð grein fyrir stöðu heildarskuldar ári eftir námslok. Gefst námsmanni því tækifæri til athugasemda við skilgreiningu sjóðsins á námslokum.

Um 8. gr.

Í því skyni að hækka endurgreiðsluhlutfall námslána og örva fjárstreymi inn í Lánasjóð er lánþegum gert að greiða mun hærri hluta af tekjum sínum sem endurgreiðslur en þeir gera skv. núgildandi lögum. Jafnframt skulu lánþegar inna af hendi fasta greiðslu, án tillits til námslengdar, en sú greiðsla nemur nokkru lægri fjárhæð en fasta greiðslan gat hæst orðið skv. núgildandi lögum (miðað við 4 ára nám eða lengra) eða 1 360 nýkr. á móti 1 863 nýkr. miðað við verðlag 1. júlí 1980. Loks hefur hámarksgreiðslutími námslána verið lengdur úr 20 árum í 30 en tekinn upp lágmarksendurgreiðslutími sem er 5 ár, að því undanskildu að árleg greiðsla skal aldrei vera lægri en fyrrnefnd fastagreiðsla.

Árleg endurgreiðsla af námsláni skal innt af hendi í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða föstu greiðsluna, sem innt skal af hendi óháð tekjum. Þessi fasta greiðsla skal ákveðin um hver áramót í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Hins vegar greiðist ákveðinn hundradshluti af tekjum þeim, sem útsvar er lagt á og aflað er næsta ár á undan endurgreiðsluári, að frádreginni föstu greiðslunni. Þennan hundradshluta, 3,75%, skal margfalda með hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá ári til árs til þess að hlutfall endurgreiðslu af tekjum, sem aflað er á endurgreiðsluári, verði óháð eða sem næst óháð verðbólgu milli ára. Vegna þess að hlutfallstalan 3,75% miðast við að fjárþörf námsmanna sé brúuð 100% er eðlilegt að þeir, sem fá meira en helming af námslánnum skv. 85%-, 90%- og 95%-reglu, greiði heldur lægri hundradshluta af tekjum sínum til sjóðsins, sbr. bráðabirgðaákvæði 3.

Stjórn Lánasjóðs er veitt heimild til þess að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu. Mjög ríkar ástæður verða að vera fyrir hendi, svo sem alvarleg veikindi eða slys, til þess að veita megi undanþágu frá hlutfallsgreiðslunni. Hins vegar er heimild til undanþágu frá föstu greiðslunni mun rýmri, þótt ófrávikjanlegt skilyrði sé að tiltekna ástæður valdi „verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans“. Undanþágu má veita að hluta eða öllu leyti, allt eftir atvikum hverju sinni. Sé undanþága veitt frestar það einungis hlutaðeigandi greiðslu en kemur ekki í veg fyrir að lán greiðist að fullu til baka. Rétt er þó að taka fram, til þess að taka af allan vafa, að reglan um 30 ára hámarksendurgreiðslutíma skal standa óhöggud þótt undanþága sé veitt, einu sinni eða oftar.

Í samræmi við nútíma jafnréttishugmyndir er litið á hjón, svo og sambýlisfólk, sem sjálfstæða einstaklinga þegar um er að ræða endurgreiðslur námslána.

Óréttlæti, sem af því kynni að hljótaskast, yrði unnt að leiðrétta með því að veita öðru hjóna eða báðum undanþágu frá fastri ársgreiðslu, sbr. það sem áður er sagt.

Um 9. gr.

1. mgr. er í fullu samræmi við breytingar þær á 7. gr. sem áður er lýst.

Í 2. mgr. er tekin upp sú sjálfsagða regla að endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falli sjálfkrafa niður. Eftir sem áður er unnt að krefja dánarbúið um endurgreiðslur, sé um vanskil að ræða.

Innheimta námslána hefur ekki verið nægilega markviss á undanförunum árum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ekki hefur verið unnt að ganga að lánþegum, þótt um veruleg vanskil hafi verið að ræða, nema með því að stefna þeim fyrir dóm. Í 3. mgr. er lagt til að bót verði ráðin á þessu með því að gera vanskilaskuldir við sjóðinn lögtakskræfar enda er um að ræða afmarkaðar og óumdeildar kröfur.

Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta lögum um lögtak o. fl. nr. 29/1885 og [verður frumvarp þess efnis lagt fram í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps].

Um 10.—17. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar til samræmis við breytingar á öðrum ákvæðum laganna og þarfnast ekki frekari skýringa.“

Fylgiskjal I

Lausleg áætlun um fjárþörf Lánasjóðs vegna námslána á næstu árum.

Nefndin hefur lagt áherslu á að fá reiknað út hvernig greiðslur komi inn frá tilteknum árgangi greiðenda, þ. e. þeim sem ljúka námi á ákveðnu ári. Niðurstöður benda til að eftir 30 ár verði heildarskil lána um 88% af raunvirði. Er þá miðað við námslán eins og þau voru 1978 en þó reiknað með því að lánin hefðu verið 100% af fjárþörf.

Þegar taka skal tillit til fjölgunar lánþega og til breytinga á úthlutunarreglum sem verkað geta til hækkunar á raungildi meðallána verða útreikningar flóknir og hefur ekki unnist tími til að ganga endanlega frá þeim.

Þær breytingar á veittum lánum sem felast í frumvarpinu og öðrum tillögum nefndarinnar (100% lán, lífeyrissjóðsaðild, fjölgun lána til sérskóla, umreikningur tekna) valda hækkun á upphæð veittra lána úr 59 m. nýkr. árið 1980 í 102 m. nýkr. á áratugnum 1990—2000 (verðlag 1980) og er þá einnig reiknað með nokkurri fjölgun lánþega.

Útreikningar sýna að endurgreiðslur muni vaxa ört á næstu árum og ef litið er á nettó fjárþörf sjóðsins vegna námslána á hverju ári, þ. e. úthlutun lána að frádregnum endur-

greiðslum, mun sú tala vaxa nokkuð eða úr 58 m. nýkr. 1980 í um 75—90 m. nýkr. á árunum 1983—1986 en úr því fer fjárförfin lækkandi og mun verða um 30—40 m. nýkr. um aldamótin. Þessar tölur miðast við verðlag ársins 1980.

Fylgiskjal II

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslegar endurgreiðslur af heildarlánnum þeirra sem luku námi árið 1978. Eru þó lánin reiknuð upp og miðað við 100% fjárförf. Miðað er við ákvæði 8. gr. frumvarpsins og að greidd séu 6,08% af tekjum fyrra árs (3,75% af tekjum greiðslu-árs).

Ár	Greitt á hverju ári (%)	Alls greitt (%)	Eftirstöðvar (%)
1	6,4	6,4	93,6
2	6,4	12,8	87,2
3	6,3	19,1	80,9
4	6,2	25,3	74,7
5	6,1	31,5	68,5
6	4,9	36,4	63,6
7	4,5	40,9	59,1
8	4,1	45,0	55,0
9	3,9	48,9	51,1
10	3,6	52,5	47,5
11	3,3	55,8	44,2
12	3,1	58,9	41,1
13	2,7	61,6	38,4
14	2,5	64,1	35,9
15	2,4	66,5	33,5
16	2,2	68,7	31,3
17	2,1	70,7	29,3
18	1,9	72,6	27,4
19	1,8	74,5	25,5
20	1,8	76,3	23,7
21	1,6	77,8	22,2
22	1,5	79,3	20,7
23	1,4	80,7	19,3
24	1,3	82,0	18,0
25	1,2	83,2	16,8
26	1,2	84,4	15,6
27	1,1	85,5	14,5
28	1,0	86,5	13,5
29	0,9	87,3	12,7
30	0,8	88,1	11,9

Fylgiskjal III

Dæmi um endurgreiðslur.

Lánakjör: Námsmaður greiðir $3,75\% \times$ lánskjaravísitölu júlí 1980/lánskjaravísitölu júlí 1979 eða $3,75\% \times 167/103 = 6,08\%$ af tekjum til útsvars.

Meðallán reiknuð út frá lánveitingu 1979—1980. Gert er ráð fyrir að helmingur láns hafi verið greiddur á haustmisseri og helmingur á vormisseri. Því þarf að hækka meðallán á yfirliti LÍN um $11,8\%$ til samræmis við verðlag 1. júlí 1980.

1. Fjöldi námslána.
2. Meðallán (M) á ári fengist fullt, $\frac{1}{2}$ eða tvöfalt meðallán.
3. Heildarskuld á verðlagi 1. júlí 1980.
4. Yfirvinna % ofan á heildardagvinnutekjur.
5. Tekjur 1979. Laun í des. 1979 $\times 9,58 =$ heildardagvinnutekjur 1979.
6. Afborgun $3,75\% \times \frac{167}{103} = 6,08\%$ af tekjum fyrra árs þ. e. 1979.
7. Afborgunartími, alltaf hækkað upp til næsta árs.
8. Eftirstöðvar. — Sá hluti láns sem afskrifast í kr. og hlutfalli af heildarskuld.

Ath.: Fjárhæðir í þús. gkr.

	Fjöldi námslána	Upphæð á ári	Heildarskuld	Yfirvinna %	Tekjur 1979	Afborgun á ári 6,08%	Afborgunartími	Eftirstöðvar	
								þús. kr.	% af heildarláni
Fósturskóli Íslands	2	$\frac{1}{2}$ M	1 366	0	3 302	201	7 ár		
launaf. BSRB 010 3. þrep	2	M	2 732	9	3 302	201	14 ár		
	2	M	2 732	20	3 962	241	12 ár		
	2	2 M	5 464		3 302	201	28 ár		
Kennaraháskóli Íslands	1	M	1 430		3 670	223	7 ár		
launaf. 103 5. þrep	3	$\frac{1}{2}$ M	2 145		3 670	223	10 ár		
	3	M	4 290		3 670	223	20 ár		
	3	M	4 290	30	4 771	290	15 ár		
	3	2 M	8 580	30	4 771	290	30 ár		
Viðskiptafræði	4	M	3 971		4 511	274	15 ár		
launaflokkur 109 5. þrep	4	M	3 971	30	5 864	357	12 ár		
	4	2 M	7 942	30	5 864	357	23 ár		
	4	$\frac{1}{2}$ M	1 986	30	5 864	357	6 ár		
England	4	M	11 095		5 000	304	30 ár	1 975	17
	4	1,5 M	16 643		7 000	426	30 ár	3 863	23
	4	M	11 095		6 000	365	30 ár	145	1
	8	M	22 190		8 000	486	30 ár	7 610	34
U. S. A.	3	M	6 718		4 500	274	25 ár		
	4	1,5 M	13 436		6 000	365	30 ár	2 486	19
	5	M	11 197		5 500	334	30 ár	1 177	11
	6	M	13 436		7 000	426	30 ár	656	5

Fylgiskjal IV

Þorsteinn Vilhjálmsson
eðlisfræðingur:

Líkan um veitt námslán og endurgreiðslur þeirra samkvæmt niðurstöðum endurskoðunarnefndar.¹⁾

1. Inngangur.

Nefnd sú, sem menntamálaráðherra skipaði 24. apríl 1980, hefur komist að ákveðnum niðurstöðum um breytingar á lögum og reglum um úthlutun námslána og um endurgreiðslur þeirra. Breytingar þessar hafa annars vegar í för með sér aukningu á fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna til veittra lána á hverju ári og hins vegar aukningu á endurgreiðslum þegar frá líður. Þeir útreikningar sem hér er lýst takmarkast við þessi tvö atriði sem leiða síðan með einföldum frádrætti til mats á fjárþörf Lánasjóðs **til námslána**. Líkanið tekur hins vegar ekki til annarra þátta í fjárhag sjóðsins, svo sem ferðastyrkja, kostnaðar af lánum sem sjóðurinn sjálfur tekur eða til almenns rekstrarkostnaðar.

Reynslan sýnir að fjárþörf Lánasjóðs til námslána hefur þróast mjög óreglulega frá ári til árs enda er hún háð ýmsum atriðum sem erfitt er að henda reiður á. Meðal annars má nefna eftirfarandi þætti:

- Verðbólgu á Íslandi og erlendis, ásamt gengisskráningu.
- Breytingar á kaupmætti sumartekna hjá námsmönnum.
- Breytilega eftirspurn eftir námslánnum.
- Breytingar á lögum og reglum, t. d. breytingar á aðild að sjóðnum, meðferð tekna o. s. frv.

Ef útreikningar eru gerðir á föstu verðlagi er fyrsta atriðið að mestu tekið til greina en um önnur atriði ríkir jafnmikil óvissa eftir sem áður, nema þá að tekin sé ákvörðun fram í tímann um einhver þeirra. Af þessum ástæðum verða þeir útreikningar sem hér er frá sagt **hvorki kallaðir áætlun né spá** heldur er aðeins um að ræða líkan sem beinist fyrst og fremst að því að gefa hugmynd um **áhrif frumvarpsins** með heildstæðum og samkvæmum hætti. Þegar unnið er að slíku líkani er lögð megináhersla á að tryggja innra samræmi í útreikningum auk þess sem tryggð eru eðlileg tengsl við þau ófullkomnu gögn sem fyrir liggja. Einstakrar tölur í niðurstöðum líkansins ber því ekki að taka of bókstaflega, heldur er niðurstöðum fyrst og fremst ætlað að gefa **heildarmynd af líklegri þróun í grófum dráttum**.

Auk þess er rétt að undirstrika að útreikningarnir takmarkast við þau áhrif sem vænta má af frumvarpinu og samkomulagi nefndarinnar í tengslum við það. Aðrar ákvarðanir sem teknar yrðu síðar þyrfti að sjálfsögðu að meta sérstaklega.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum í útreikningunum en helstu tölur er að finna í töflum aftan við textann.

1) Líkan þetta var reiknað út í október 1980. M. a. vegna breytinga sem gerðar hafa verið á tímasetningum í frumvarpinu eru forsendur líkansins að nokkru leyti úreltar. Það er þó birt hér með samþykki höfundar enda gefur það að hans mati enn grófar hugmyndir um meginatriði máls. Þess ber að geta að fjölgun námslána vegna aukinnar aðildar sérskóla, sem gert er ráð fyrir í líkaninu, kom að mestu leyti til framkvæmda með reglugerðarbreytingu í ársbyrjun 1981. Umreikningur tekna, sem nefndur er í kafla um hækkun meðalláns, kom að hálfu til framkvæmda haustið 1981 með breytingum á úthlutunarreglum.

2. Fjölgun námslána.

Í töflu 1 er lýst þeim tölum sem reiknað er með um árlega fjölgun námslána. Til þess að reyna að einangra áhrif frumvarpsins í útreikningunum er fjölgun sett við lægri mörk þess sem líklegt getur talist, jafnvel þótt verksvið sjóðsins haldist óbreytt að mestu. Þó er rétt að benda á að heildarfjölgun á næstu tíu árum er talin um 34% miðað við óbreytt verksvið og óbreyttar reglur. Með tilliti til þess að árgangar á skólaaldri fara nú yfirleitt ekki stækkandi virðist þessi tala alls ekki út í hött.

Við hana bætist síðan áætluð fjölgun vegna aukinnar aðildar sérskólanema sem nemur samtals 2,7% samkvæmt áætlun Lánasjóðs. Reiknað er með að þessi fjölgun komi til framkvæmda frá áramótum 1980—81 eins og lagt er til í samkomulagi endurskoðunarnefndar.

Ennfremur er reiknað með að eftirspurn eftir námslánunum minnki um 5% haustið 1981 þegar nýjar endurgreiðslureglur taka gildi samkvæmt frumvarpinu ef að lögum verður. Hinar nýju reglur verða mun strangari en áður var og er hér m. a. stuðst við hliðstæða reynslu frá árunum kringum 1976 þegar nógildandi lög voru sett.

3. Hækkun meðalláns.

Samkvæmt frumvarpinu og öðrum niðurstöðum endurskoðunarnefndar hækkar meðallán hvers árs af nokkrum tilgreindum orsökum sem hér segir:

- Lánshlutfall af reiknaðri fjárförf hækkar úr 85% í 90% haustið 1980 (þegar komið til framkvæmda), síðan í 95% haustið 1981 og í 100% haustið 1982.
- Umreikningur á tekjum námsmanns, áður en þær koma til frádráttar í námsláni, er tekinn upp frá ársbyrjun 1981 og veldur hækkun meðalláns um 7,3%.
- Aðild námsmanna að lífeyrissjóði veldur 6% hækkun meðalláns frá haustinu 1983.

Áhrifum þessara atriða, ásamt fyrrgreindri fjölgun, á heildarfjárförf til veittra lána er lýst í Töflu 2.

Samanlagt fela þessi atriði í sér hækkun meðalláns úr 1,65 m. kr.¹⁾ skólaárið 1979—1980 í 2,2 m. kr. frá og með skólaárinu 1983—84, hvort tveggja reiknað á föstu verðlagi miðs árs 1980 (sbr. Töflu 3). Hækkunin er því u. þ. b. 33%.

4. Fjöldi endurgreiðenda.

Hér er komið að einum vandasamasta þætti líkansins. Fyrst og fremst þarf að meta hversu margir ljúka eða hætta námi á hverju ári og eiga því, skv. lögum og reglum, að byrja að endurgreiða lán sín þremur árum síðar. Í líkaninu er reynt að tryggja eðlilegt samræmi milli fjölda veittra lána á undangengnum árum og fjölda í hverjum endurgreiðsluárgangi eins og hann er skilgreindur hér á undan. Niðurstaðan er sýnd í Töflu 3.

5. Meðalskuld endurgreiðenda.

Þessi þáttur er einnig allvandasamur í meðförum en tengist að sjálfsögðu við meðallán hvers árs þegar til lengri tíma er litið. Hér er m. a. stuðst við þá niðurstöðu Friðriks Mús Baldurssonar að meðalskuld endurgreiðsluárgangsins frá 1978 hafi verið u. þ. b. 3,7 m. kr. á verðlagi miðs árs 1980. Tölur líkansins eru sýndar í Töflu 3.

Þegar jafnvægi kemst á í líkaninu eftir 1990 er ljóst að heildarskuld hvers endurgreiðsluárgangs hlýtur að verða jöfn veittum lánunum hvers árs. Þetta er einmitt eitt af þeim samræmisatriðum sem setja líkaninu skorður og stuðla þannig að því að heildarmyndin verður tiltölulega traustari en einstakar tölur.

6. Endurgreiðslur hvers árgangs.

Þegar meðalskuld hvers endurgreiðsluárgangs hefur verið sett á blað er hægt að reikna

1) Ath.: Allar fjárhæðir tilgreindar í gkr.

skv. tölvuforritum Friðriks Más hvernig endurgreiðslur árgangsins skila sér eftir árum, í prósentum af upphaflegri heildarskuld. Margföldun með heildarskuld skv. líkaninu gefur síðan árlega endurgreiðslu árgangsins í krónum í þau 30 ár sem endurgreiðslur hans standa yfir.

Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að árgangarnir sem ljúka/hætta á árunum 1982 og 83 greiði 3,5% af framreiknuðum tekjum fyrra árs en síðari árgangar greiði 3,75%. Í reynd verður þetta mál ekki svona einfalt skv. ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpinu en gera má ráð fyrir að þessi nálgun sé fullnægjandi í því samhengi sem hér um ræðir.

Hvað snertir þá 5 árganga sem ljúka námi 1976-81 meðan núverandi reglur eru í gildi, þá er gert ráð fyrir að árlegar endurgreiðslur þeirra vaxi upp í 660 m. kr. á árunum til ársins 1984 en lækki síðan smám saman uns þeim lýkur eftir 20 ár eða á tímabilinu 2000-2003.

Ekki hefur verið annað fært en að reikna með því að allir endurgreiðsluárgangar eftir 1981 hafi alfarið tekið lán skv. nýjum lögum, í stað þess að lán þeirra eru í reynd að hluta til skv. núverandi kerfi. Af þessu stafar nokkur skekkja en ekki er víst að hún sé til boga miðað við ónákvæmni líkansins að öðru leyti.

7. Endurgreiðslur í heild.

Eftir að fundnar hafa verið krónutölur um endurgreiðslur hvers árgangs á hverju ári er auðvelt að leggja saman endurgreiðslur hvers árs. Niðurstöður þeirrar samlagningar eru sýndar í Töflu 4, ásamt veittum lánnum sama árs til samanburðar. Með frádrætti fæst þá nettó fjárförf Lánasjóðs vegna eiginlegra námslána. Taflan nær allt fram til ársins 2023 þegar áhrif hins nýja kerfis verða að fullu gengin fram. Eins og fyrr segir ber ekki að taka einstakar tölur í þessari töflu of bókstaflega heldur er henni fyrst og fremst ætlað að gefa hugmynd um þróunina í grófum dráttum. Einnig er rétt að minna á að dálkar töflunnar eru tengdir innbyrðis þannig að hugsanlegar breytingar á einum þeirra hafa áhrif á hina.

Tafla 1. Líkan um fjölgun námslána 1980-1990.

Fjölgun milli skólaára	Fjölgun milli almanaksára	
%		
79-80		1980
80-81	5	1981
81-82	5	4,5
82-83	4	1982
83-84	4	1983
84-85	3	1984
85-86	3	1985
86-87	2	1986
87-88	2	1987
88-89	1	1988
89-90	1	1989
		0,5
		1990

Taflan sýnir þá fjölgun sem lögð er til grundvallar í líkaninu og miðast m. a. við óbreytt lög og reglur. Að auki er gert ráð fyrir 2,7% fjölgun frá ársbyrjun 1981 vegna aukinnar aðildar sérskólanema. Þá er í líkaninu reiknað með 5% fækkun lána skólaárið 1981-82 þegar strangari endurgreiðslureglur taka gildi skv. frumvarpinu. Heildarfjölgunin sem taflan sýnir nemur 34,3% frá skólaárinu 79-80 til skólaársins 89—90.

Tafla 2. Áætlun um veitt lán skv. frumvarpinu, fylgigögnum þess og líkani um fjölgun.

Skólaár		Almanaksár	
79–80	5,6 Gkr.	1980	5,9 Gkr.
85↗90%		85↗90 vor, 90↗95% haust	
Fjölgun 5%		Fjölgun 5%	
Sérskólar 1,4%		Sérskólar 2,7%	
Umreikn. tekna 3,6%		Umreikn. tekna 7,3%	
80–81	6,5 Gkr.	1981	7,0 Gkr.
90↗95%		90↗95% vor, 95↗100% haust	
Fjölgun 5%		Fjölgun 4,5%	
Fækkun 5% v/breytinga		Fækkun v/breytinga 2,5%	
Sérskólar 1,3%		1982	7,5 Gkr.
Umreikn. tekna 3,7%		95↗100% vor	
81–82	7,3 Gkr.	Fjölgun 4%	
95↗100%		Lífeyrissjóður haust 3%	
Fjölgun 4%		1983	8,3 Gkr.
82–83	7,9 Gkr.	Fjölgun 3,5%	
Fjölgun 4%		Lífeyrissjóður vor 3%	
Lífeyrissjóður 6%		1984	8,7 Gkr.
83–84	8,8 Gkr.	Fjölgun 3%	
Fjölgun 3%		1985	9,1 Gkr.
84–85	9,0 Gkr.	2,5%	
Fjölgun 3%		1986	9,4 Gkr.
85–86	9,3 Gkr.	2%	
2%		1987	9,5 Gkr.
86–87	9,5 Gkr.	1,5%	
2%		1988	9,7 Gkr.
87–88	9,7 Gkr.	1%	
1%		1989	9,8 Gkr.
88–89	9,8 Gkr.	0,5%	
1%		1990	9,9 Gkr.
89–90	9,9 Gkr.		

1 Gkr. = 1 milljarður = 1 þúsund milljónir króna (verðlag í júní 1980).

Námundun („rounding off“) talna er samræmd.

Ath.: Fjárhæðir í þús. gkr.

Tafla 3. Helstu grundvallartölur í líkani um endurgreiðslur.

Skólaár	Fjöldi veittra lána	Meðallán verðlag 06.80 Mkr.	Heildarlán, sama verðlag Gkr.	Fjöldi í árgangi sem lýkur/hættir	Meðalskuld þeirra Mkr.	Heildarskuld árgangs Gkr.
75–76	3098	1,42	4,41	1100	3,7	4,1
76–77	2915	1,31	4,17	1100	3,7	4,1
77–78	2829	1,37	3,87	1100	3,7	4,1
78–79	3162	1,59	5,03	1200	3,9	4,7
79–80	3393	1,65	5,60	1200	4,1	4,9
80–81	3500	1,8	6,3	1300	4,6	6,0
81–82	3700	2,0	7,4	1400	5,0	7,0
82–83	3800	2,1	8,0	1500	5,2	7,8
83–84	3900	2,2	8,6	1500	5,4	8,1
84–85	4100	–	9,0	1500	5,6	8,4
85–86	4200	–	9,2	1600	5,6	9,0
86–87	4300	–	9,5	1600	5,8	9,3
87–88	4400	–	9,7	1600	–	–
88–89	4400	–	9,7	1600	–	–
89–90	4500	–	9,9	1600	–	–
90–91	–	–	–	1700	–	9,9

Eftir skólaárið 1990–91 breytast tölurnar ekki.

Nákvæmni líkansins gefur ekki tilefni til að reikna með fleiri en tveimur tölustöfum.

Um fjölgun og meðallán fram í tímann fer skv. töflum 1 og 2. Heildarlán á ári fæst með margföldun. Þrjú síðustu dálkarnir fást út frá hinum þremur með mati þar sem reynt er eftir fögum að gæta samræmis og samhengis. Talan 3,7 m. kr. um meðalskuld endurgreiðslu-árgangsins frá 1977–78 er tekin skv. athugun Friðriks Más Baldurssonar.

Ath.: Allar tölur í töflunni miðast við gamlar krónur á verðlagi í júní 1980 eða svo.

1 Gkr. = 1 milljarður gkr.

1 Mkr. = 1 milljón gkr.

Tafla 4. Niðurstaða líkansins um fjárförf LÍN vegna námslána.

Ár	Veitt lán Gkr.	Endur- greiðslur Gkr.	Mis- munur Gkr.	Ár	Veitt lán Gkr.	Endur- greiðslur Gkr.	Mis- munur Gkr.
76	4,3			2000	9,9	6,0	3,9
7	4,1			1	–	6,1	3,8
8	4,5			2	–	6,2	3,7
9	5,3			3	–	6,3	3,6
80	5,9	0,1	5,8	4	–	6,3	3,6
1	7,0	0,2	6,8	5	–	6,5	3,4
2	7,6	0,4	7,2	6	–	6,7	3,2
3	8,3	0,5	7,8	7	–	6,8	3,1
4	8,9	0,7	8,2	8	–	7,0	2,9
5	9,1	1,0	8,1	9	–	7,1	2,8
6	9,4	1,4	8,0	2010	–	7,3	2,6
7	9,5	1,9	7,6	11	–	7,4	2,5
8	9,7	2,3	7,4	12	–	7,5	2,4
9	9,8	2,7	7,1	13	–	7,6	2,3
90	9,9	3,1	6,8	14	–	7,7	2,2
1	–	3,5	6,4	15	–	7,8	2,1
2	–	3,9	6,0	16	–	–	–
3	–	4,2	5,7	17	–	–	–
4	–	4,5	5,4	18	–	–	–
5	–	4,8	5,1	19	–	–	–
6	–	5,1	4,8	20	–	–	–
7	–	5,3	4,6	1	–	–	–
8	–	5,6	4,3	2	–	7,9	2,0
9	–	5,8	4,1	3	–	–	–

Krónutölur miðast við verðlag á miðju ári 1980.